

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1983

Nr. 64

116

5. ágúst 1983

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 5. ágúst 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 65

20. september 1983

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn
10. október 1983.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1983.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.